

## Stefna Héðins í öryggis-, heilsu- og umhverfismálum (ÖHU)

### ÖHU stefna Héðins er:

- Stefna Héðins er að starfa á ábyrgðafullan hátt í samfélaginu og að í allri starfseminni séu umhverfissjónarmið, ásamt öryggi og heilsu starfsmanna höfð að leiðarljósi.

### Markmið í öryggismálum

- Að starfsumhverfið sé öruggt og heilsusamlegt.
- Vera traust og áreiðanlegt fyrirtæki gagnvart starfsmönnum og öryggismálum þeirra.
- Að efla vitund starfsmanna um öryggi- heilsu- og umhverfismál með reglubundinni fræðslu og þjálfun.
- Að fylgja kröfum laga og reglna svo og öðrum kröfum varðandi öryggis- heilsu- og umhverfismál.

### Leiðir að markmiðum

- Með því að kynna stefnu og vinnufyrirkomulag fyrir öllu starfsfólk þar sem markviss fræðsla og þjálfun starfsfólks eru frumforsenda öruggs vinnuumhverfis.
- Nota öflugt gæðakerfi sem nýtist sem kerfisbundin stjórnun við að setja markmið og til þess að stuðla að stöðugum umbótum.
- Með skilvirkum samskiptum, gerð áhættugreininga og fylgni við lög og reglur er hægt að lágmarka áhættu, tjón og mannlegan sársauka.
- Starfsmönnum er lagður til allur nauðsynlegur öryggisbúnaður og lögð áhersla á að starfsmenn Héðins fari eftir öryggisreglum fyrirtækisins í vinnu sinni auk þess að fara eftir öryggisreglum á viðkomandi verkstað.

### Ábyrgð

- Framkvæmdastjóri Héðins ber ábyrgð á ÖHU stefnu fyrirtækisins.
- Gæðastjóri ber ábyrgð á innleiðingu og eftirfylgni ÖHU stefnunnar.
- Öllum starfsmönnum Héðins ber að vinna samkvæmt ÖHU stefnunni.
- Samstarfsaðilar, verktakar og birgjar bera ábyrgð á að samningsbundnum verkferlum sem tryggja eiga að ÖHU stefnunni sé fylgt.
- Allir starfsmenn Héðins bera ábyrgð á að tilkynna öryggisfrávik.

Framkvæmdastjóri Héðins sér til þess að allir starfsmenn fyrirtækisins þekki og skilji ÖHU stefnuna og hafi hana að leiðarljósi í starfi sínu.

Hafnarfjörður, 06. janúar 2022



Rognvaldur Einarsson  
Framkvæmdastjóri